

Flóahreppur  
Ársreikningur  
2017

Flóahreppur  
Þingborg  
801 Selfoss

Kt. 600606-1310

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

## Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

---

Ársreikningur Flóahrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 728,4 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 696,1 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem var lögbundið hámark árið 2017. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,5% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,35% í C-flokki en lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C-flokki.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 74,5 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 63,1 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2017 nam 638,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 743,4 millj. kr.

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2017 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Pingborg, 2. maí 2018.

Sveitarstjóri:

*Þydlís Þ. Þindriðsdóttir*

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2017 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Pingborg, 16. maí 2018.

Sveitarstjórn:

*Arni Einarsson  
Rósa Massíasdóttir  
Meyrleb Jónsdóttir  
Svanvildur Fernmannsd.  
Þigurþóra Rúnarsdóttir*

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til sveitarstjórnar Flóahrepps.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Flóahrepps fyrir árið 2018 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 16. maí 2018.

**KPMG ehf.**

*Hrafnnildur Helgadóttir*

## Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
<b>Rekstrartekjur</b>							
Útsvar og fasteignaskattur .....	4	323.162	334.326	324.587	322.584	333.589	323.764
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	225.545	175.948	220.433	225.545	175.948	220.433
Aðrar tekjur .....	4	147.358	83.865	73.436	180.315	126.585	89.585
		<u>696.065</u>	<u>594.139</u>	<u>618.456</u>	<u>728.444</u>	<u>636.122</u>	<u>633.783</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	368.749	341.959	297.043	368.749	341.959	297.043
Annar rekstrarkostnaður .....		257.312	263.648	256.813	266.638	273.007	266.151
		<u>626.061</u>	<u>605.607</u>	<u>553.855</u>	<u>635.388</u>	<u>614.966</u>	<u>563.194</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....		70.003	( 11.468 )	64.601	93.056	21.156	70.589
Afskriftir .....	8	( 15.657 )	( 15.860 )	( 15.853 )	( 18.457 )	( 18.990 )	( 19.124 )
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....		54.346	( 27.328 )	48.748	74.599	2.166	51.465
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	8.724	9.721	8.904	( 74 )	( 1.496 )	( 2.400 )
<b>Rekstrarniðurstaða</b> .....	12	<u>63.070</u>	<u>( 17.607 )</u>	<u>57.652</u>	<u>74.524</u>	<u>670</u>	<u>49.065</u>

# Efnahagsreikningur

		<b>Eignir</b>				
		<b>A hluti</b>		<b>A og B hluti</b>		
<b>Skýr.</b>		<b>2017</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>	
<b>Fastafjármunir</b>						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
	Fasteignir .....	8	386.470	399.813	405.120	456.751
	Byggingarland, veitu- og gatnakerfi .....	8	18.271	18.929	53.544	46.482
	Vélar, áhöld og tæki .....	8	5.134	6.021	5.134	6.021
			<u>409.876</u>	<u>424.763</u>	<u>463.798</u>	<u>509.253</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
	Eignarhlutir í félögum .....	9	28.393	29.089	28.393	29.089
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	10	101.565	108.892	0	0
			<u>129.958</u>	<u>137.980</u>	<u>28.393</u>	<u>29.089</u>
	Fastafjármunir		<u>539.834</u>	<u>562.743</u>	<u>492.191</u>	<u>538.342</u>
<b>Veltufjármunir</b>						
Skammtímakröfur:						
	Óinnheimtar tekjur .....	11	137.182	88.062	137.182	88.062
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		14.819	2.226	0	0
	Aðrar skammtímakröfur .....		1.184	3.382	1.184	3.382
	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	10	9.214	8.667	0	0
	Handbært fé .....	3i	119.688	66.636	119.688	66.636
	Veltufjármunir		<u>282.087</u>	<u>168.973</u>	<u>258.054</u>	<u>158.080</u>
	<b>Eignir samtals</b>		<u>821.921</u>	<u>731.716</u>	<u>750.245</u>	<u>696.422</u>

## 31. desember 2017

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2017	2016	2017	2016
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	12	743.425	680.355	638.903	564.379
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	13	4.281	7.290	36.064	86.284
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	13	3.167	3.095	3.858	4.410
Aðrar skammtímaskuldir .....		71.048	40.976	71.420	41.349
		74.214	44.071	75.278	45.759
Skuldir samtals		78.496	51.361	111.342	132.044
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>821.921</b>	<b>731.716</b>	<b>750.245</b>	<b>696.422</b>
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings.....	15				

# Sjóðstreymisýfirlit árið 2017

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur	Áætlun 2017	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun 2017	Ársreikningur
		2017	með viðaukum	2016	2017	með viðaukum	2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða .....	12	63.070	( 17.607 )	57.652	74.524	670	49.065
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	15.657	15.860	15.853	18.457	18.990	19.124
Verðbætur .....		( 1.885 )	( 1.621 )	( 1.189 )	1.177	2.169	2.284
Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....		0	0	0	( 15.754 )	( 26.640 )	0
Veltufé frá (til) rekstrar		76.842	( 3.368 )	72.316	78.404	( 4.811 )	70.473
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Óinnheimtar tekjur, breyting .....		( 49.120 )	0	( 30.390 )	( 49.120 )	0	( 30.390 )
Skammtímakröfur, breyting .....		2.198	0	( 19.995 )	2.198	0	( 19.995 )
Skammtímaskuldir, breyting .....		30.071	0	( 259 )	30.071	0	( 263 )
Samtals		( 16.850 )	0	( 50.644 )	( 16.850 )	0	( 50.648 )
Handbært fé frá, (til) rekstrar		59.992	( 3.368 )	21.672	61.553	( 4.811 )	19.825
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj. ....	8	( 770 )	0	( 504 )	( 9.548 )	( 10.000 )	( 4.565 )
Söluverð rekstrarfjármuna .....	8	0	0	0	52.300	58.240	0
Eignarhlutur breyting .....		696	0	0	696	0	0
Langtímakr. á eigin ft, breyting.....	7	8.817	6.996	( 29.364 )	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		8.743	6.996	( 29.868 )	43.448	48.240	( 4.565 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Viðskiptastaða eigin ft, breyting .....		( 12.593 )	( 10.707 )	22.191	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	13	( 3.089 )	( 3.127 )	( 3.367 )	( 51.949 )	( 53.635 )	( 4.632 )
Fjármögnunarhreyfingar		( 15.682 )	( 13.834 )	18.824	( 51.949 )	( 53.635 )	( 4.632 )
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		53.052	( 10.206 )	10.628	53.053	( 10.206 )	10.628
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		66.636	73.730	56.008	66.636	73.730	56.008
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		119.688	63.524	66.636	119.688	63.524	66.636

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Flóahreppur er sveitarfélag á Suðurlandi og voru íbúar 640 þann 1. desember 2017. Skrifstofa sveitarfélagsins er í Þingborg.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningskilanna

Ársreikningur Flóahrepps árið 2017 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita og Leiguíbúðir.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningskilaaðferðir

Reikningskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlaun tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting í gatnagerð og veitukerfum er eignfærð að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum og tengigjöldum.

#### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	40 ár
Veitukerfi.....	25 ár
Gatnakerfi og byggingarland.....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	5 ár

#### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

#### g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

#### h. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### i. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### j. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### k. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 15.

#### l. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 19.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>						
Útsvar.....	271.813	280.772	279.894	271.813	280.772	279.894
Fasteignaskattur.....	50.665	52.870	44.060	50.087	52.133	43.237
Lóðarleiga.....	684	684	633	684	684	633
	<u>323.162</u>	<u>334.326</u>	<u>324.587</u>	<u>322.584</u>	<u>333.589</u>	<u>323.764</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Framlag vegna tekjujöfnunar.....	14.411	29.500	33.021	14.411	29.500	33.021
Framlag vegna fasteignaskatts.....	26.192	23.160	22.958	26.192	23.160	22.958
Framlag vegna útgjaldajöfnunar.....	94.797	50.158	90.163	94.797	50.158	90.163
Framlög vegna grunnskóla.....	85.695	69.700	68.612	85.695	69.700	68.612
Önnur framlög.....	4.451	3.430	5.680	4.451	3.430	5.680
	<u>225.545</u>	<u>175.948</u>	<u>220.433</u>	<u>225.545</u>	<u>175.948</u>	<u>220.433</u>
Skatttekjur samtals .....	<u>548.707</u>	<u>510.274</u>	<u>545.020</u>	<u>548.129</u>	<u>509.537</u>	<u>544.197</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur.....	83.161	83.865	73.436	116.118	126.585	89.585
Greiðsla frá LV skv. samkomulagi.....	64.197	0	0	64.197	0	0
	<u>147.358</u>	<u>83.865</u>	<u>73.436</u>	<u>180.315</u>	<u>126.585</u>	<u>89.585</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>696.065</u>	<u>594.139</u>	<u>618.456</u>	<u>728.444</u>	<u>636.122</u>	<u>633.783</u>

Tekjur vegna samkomulags við Landsvirkjunar að fjárhæð 64,2 millj. kr. er vegna samkomulags Landsvirkjunar og Flóahrepps frá árinu 2007 um mál er varða byggingu og rekstur Urriðafossvirkjunar vegna aðalskipulags sveitarfélagsins. Samkvæmt 5. gr. samkomulagsins er eingreiðslan lögð fram til að styrkja búsetu og innviði sveitarfélagsins. Greiðslan er tekjufærð og færð sem krafa. Landsvirkjun greiddi fjárhæðina í byrjun árs 2018.

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	281.264	285.420	240.081	281.264	285.420	240.028
Launatengd gjöld .....	63.657	56.539	56.961	63.657	56.539	56.961
Annar áfallinn launakostn., breyting.....	0	0	0	0	0	53
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	23.828	0	0	23.828	0	0
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>368.749</u>	<u>341.959</u>	<u>297.043</u>	<u>368.749</u>	<u>341.959</u>	<u>297.043</u>
				<b>2017</b>	<b>2016</b>	
Fjöldi starfsmanna í árslok.....				57		
Fjöldi stöðugilda í árslok.....				42	47	
Laun og launatengd gjöld sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....				25,8	21,0	

## Skýringar, frh.:

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Vaxtatekjur og verðbætur.....	3.379	2.364	2.137	3.379	2.365	2.137
Arður af eignarhlutum.....	283	0	666	283	0	666
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 2.441 )	( 53 )	( 823 )	( 3.736 )	( 3.861 )	( 5.203 )
Vextir frá eigin fyrirtækjum.....	7.503	7.410	6.924	0	0	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals.....	8.724	9.721	8.904	( 74 )	( 1.496 )	( 2.400 )

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	553.715	514.554	549.510
Félagssjónusta .....	( 33.299 )	( 40.587 )	( 35.367 )
Heilbrigðismál .....	( 569 )	( 555 )	( 491 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 401.029 )	( 388.014 )	( 354.394 )
Menningarmál .....	( 43.207 )	( 42.592 )	( 48.739 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 10.662 )	( 12.011 )	( 11.051 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 10.164 )	( 11.237 )	( 9.184 )
Hreinlætismál .....	( 4.901 )	( 6.572 )	( 9.524 )
Skipulags- og byggingarmál .....	( 12.984 )	( 15.165 )	( 18.406 )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 3.885 )	( 4.736 )	( 6.933 )
Umhverfismál .....	( 637 )	( 496 )	( 417 )
Atvinnumál .....	61.056	( 1.556 )	( 3.548 )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 59.107 )	( 60.274 )	( 51.712 )
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	( 23.828 )	0	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	38.136	39.733	39.780
Aðalsjóður samtals .....	48.636	( 29.508 )	39.524
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	14.434	11.901	18.127
	63.070	( 17.607 )	57.652
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Vatnsveita .....	896	( 754 )	( 1.826 )
Leiguíbúðir .....	10.559	19.031	( 6.760 )
	74.524	670	49.065

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Byggingarland Vélar, áhöld			Samtals
	Fasteignir	og gatnakerfi	og tæki	
<b>A hluti</b>				
Heildarverð 1.1.2017 .....	720.247	24.093	17.823	762.164
Afskrifað áður .....	( 320.434 )	( 5.164 )	( 11.803 )	( 337.401 )
Bókfært verð 1.1.2017 .....	399.813	18.929	6.021	424.763
Viðbót á árinu .....	0	0	770	770
Afskrifað á árinu .....	( 13.343 )	( 658 )	( 1.657 )	( 15.657 )
Bókfært verð 31.12.2017 .....	386.470	18.271	5.134	409.876
Heildarverð 31.12.2017 .....	720.247	24.093	18.593	762.934
Afskrifað samtals .....	( 333.777 )	( 5.822 )	( 13.459 )	( 353.058 )
Bókfært verð 31.12.2017 .....	386.470	18.271	5.134	409.876
Afskriftarhlutföll .....	2,5%	4,0%	20,0%	

	Byggingarland veitu- og Vélar, áhöld			Samtals
	Fasteignir	gatnakerfi	og tæki	
<b>A og B hluti</b>				
Heildarverð 1.1.2017 .....	815.278	125.316	17.823	958.417
Afskrifað áður .....	( 358.527 )	( 78.834 )	( 11.803 )	( 449.164 )
Bókfært verð 1.1.2017 .....	456.751	46.482	6.021	509.253
Viðbót á árinu .....	0	8.778	770	9.548
Selt, fært út á árinu .....	( 36.545 )			( 36.545 )
Afskrifað á árinu .....	( 15.086 )	( 1.715 )	( 1.657 )	( 18.457 )
Bókfært verð 31.12.2017 .....	405.120	53.544	5.134	463.798
Heildarverð 31.12.2017 .....	745.198	134.094	18.593	897.885
Afskrifað samtals .....	( 340.079 )	( 80.549 )	( 13.459 )	( 434.087 )
Bókfært verð 31.12.2017 .....	405.120	53.544	5.134	463.798
Afskriftarhlutföll .....	2,5%	4,0%	20,0%	

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2017	Áætlun 2017 með viðaukum
<b>A hluti</b>		
<b>Lausafjármunir</b>		
Fjárfestingarframlag vegna Seyruverkefnis .....	770	0
A hluti samtals .....	770	0
<b>B hluti</b>		
<b>Vatnsveita</b>		
Tengigjöld .....	( 5.633 )	0
Framkvæmdakostnaður .....	14.411	10.000
	8.778	10.000
B hluti samtals .....	8.778	10.000
Samtals A og B hluti .....	9.548	10.000

#### c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat og váttryggingaverð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2017:

	A hluti	A og B hluti
Fasteignamat.....	413.500	503.710
Brunabótamat fasteigna.....	1.376.640	1.506.180
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	61.630	61.630
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....	0	1.859.810

### 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga .....			2.227	2.227
Flóaáveitan .....			7	7
Háskólafélag Suðurlands ehf. ....	1,97%	1,97%	1.370	1.370
Hitaveita Hraungerðishrepps sf. ....	16,17%	16,17%	716	716
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. A-bréf .....	4,15%	4,15%	366	366
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. B-bréf .....	0,71%	0,71%	1.465	1.465
Sláturfélag Suðurlands svf. ....			114	114
Landskerfi bókasafna hf. ....			314	314
Slökkvitækjaþjónusta Suðurlands ehf. ....	4,43%	4,43%	22	22
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	0,246%	0,246%	21.793	21.793
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals .....			28.393	28.393

## Skýringar, frh.:

### 10. Langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Breyting langtímakrafna A hluta á B hluta greinist þannig:

	<b>A hluti</b>
Staða langtímakrafna í ársbyrjun .....	117.559
Afborganir langtímakrafna á árinu .....	( 8.817 )
Verðbætur .....	2.038
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	110.780
Næsta árs afborganir .....	( 9.214 )
Langtímakröfur í árslok .....	<u>101.566</u>

Afborganir langtímakrafna á eigin fyrirtæki í B hluta greinast þannig á næstu ár:

Árið 2018 .....	9.214
Árið 2019 .....	9.628
Árið 2020 .....	10.062
Árið 2021 .....	10.514
Árið 2022 .....	10.988
Síðar .....	60.374
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>110.780</u>

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

### 11. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

	<b>A hluti</b>	<b>A og B hluti</b>
Óinnheimtar skatttekjur.....	32.468	32.468
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	40.517	40.517
Óinnheimtar tekjur vegna samkomulags við Landsvirkjun.....	64.197	64.197
Óinnheimtar tekjur í árslok .....	<u>137.182</u>	<u>137.182</u>

Niðurfærsla óinnheimtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	5.910	5.910
Breyting á árinu .....	2.860	2.860
Niðurfærsla í árslok .....	<u>8.770</u>	<u>8.770</u>

### 12. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	<b>A hluti</b>	<b>A og B hluti</b>
Eigið fé 1.1.2017 .....	680.355	564.379
Rekstrarniðurstaða ársins .....	63.070	74.524
Eigið fé 31.12.2017 .....	<u>743.425</u>	<u>638.903</u>

## Skýringar, frh.:

### 13. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Verðtryggð lán	Samtals
<b>A hluti</b>		
Staða lána í ársbyrjun .....	10.385	10.385
Afborganir af lánnum .....	( 3.089 )	( 3.089 )
Verðbætur .....	152	152
	7.448	7.448
Næsta árs afborganir.....	( 3.167 )	( 3.167 )
Langtímaskuldir í árslok.....	4.281	4.281
<b>A og B hluti</b>		
Staða lána í ársbyrjun .....	90.695	90.695
Afborganir af lánnum .....	( 51.949 )	( 51.949 )
Verðbætur .....	1.176	1.176
	39.922	39.922
Næsta árs afborganir.....	( 3.858 )	( 3.858 )
Langtímaskuldir í árslok.....	36.064	36.064
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:		
	<b>A hluti</b>	<b>A og B hluti</b>
Árið 2018 .....	3.167	3.858
Árið 2019 .....	2.807	3.514
Árið 2020 .....	1.474	2.196
Árið 2021 .....	0	738
Árið 2022 .....	0	754
Síðar .....	0	28.862
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	7.448	39.922

### Veðsetningar

Íbúðir í eigu Leiguíbúða að bókfærðu virði 21,0 millj. kr. eru veðtryggðar fyrir skuldum að eftirstöðum 36,1 millj. kr. í árslok 2017. Sveitarfélagið hefur veitt Lánasjóði sveitarfélaga veð í staðgreiðslutekjum fyrir skuldum að eftirstöðvum að fjárhæð 7,5 millj. kr. í árslok 2017.

### 14. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A hluti .....	100%	821.921	78.496	743.425
Vatnsveita .....	100%	35.273	66.641	( 31.368 )
Leiguíbúðir .....	100%	18.650	91.804	( 73.154 )
Millifærslur, innbyrðis staða .....		( 125.598 )	( 125.598 )	0
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok .....		750.245	111.342	638.903

### 15. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknin

#### Byggðasamlög og önnur samstarfsverkefni:

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

Bergisinn bs.

Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs.

Sorpstöð Suðurlands bs.

Skóla- og velferðabjónusta Árnesþings bs.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Héraðsnefnd Árnesinga bs., sem annast yfirstjórn og rekstur eftirtalinnna stofnana fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að byggðasamlaginu:

Brunavarnir Árnessýslu bs.

Almannavarnir Árnessýslu

Listasafn Árnesinga

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Byggðasafn Árnesinga

Tónlistarskóli Árnesinga

Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna og samstarfsverkefnanna miðað við íbúatölu.

#### Aðrar ábyrgðarskuldbindingar:

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Brunavarna Árnessýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánanna nema 410,0 millj. kr. í árslok 2017.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Listasafns Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánsins nema 14,5 millj. kr. í árslok 2017.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Héraðsnefndar Árnesinga bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánsins nema 290,9 millj. kr. í árslok 2017.

### 16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

### 17. Önnur mál

#### Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A deildar

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórná viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í janúar 2018 samþykkti sveitarstjórn Flóahrepps samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur framlag sveitarfélagsins 80,7 millj. kr. og 8,7 millj. kr. vegna samstarfsverkefna sveitarfélagsins og nemur heildarframlagið því 89,4 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Skipting þess er eftirfarandi:

- 22,4 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi, framlagið er gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 60,4 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 6,6 millj. kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Gjaldfærðar eru 23,8 millj. kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017.

Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018 og fjármagnaði sveitarfélagið uppgjörið með láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Heildarlántaka vegna þessa nam á árinu 2018 86,7 millj. kr. en á móti færir framgreiðsla vegna framlaga í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð að fjárhæð 65,6 millj. kr. sem heimilt verður að draga frá við útreikning á skuldaviðmiði sbr. breytingu á reglugerð nr. 502/2012.

## Skýringar, frh.:

### 18. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlag:</b>						
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	35.006	115.682	75.688	39.907	114.685	127.063
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....						
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	( 1,9% )	10,1 %	10,4 %	0,6 %	4,6 %	4,3 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 3,0% )	9,1 %	9,3 %	( 0,9% )	4,6 %	4,6 %
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....	( 0,6% )	11,0 %	11,7 %	1,8 %	6,8 %	6,8 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	0,0 %	0,1 %	0,1 %	7,4 %	35,4 %	1,6 %
Skuldahlutfall.....	8,2 %	11,3 %	8,3 %	10,3 %	12,4 %	12,7 %
<b>Önnur hlutföll</b>						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri mælt í árum .....	( 1,29 )	0,06	0,10	1,06	0,39	0,52
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....	( 1,08 )	24,87	21,48	2,87	9,26	6,83
Veltufjárhlutfall .....	3,65	3,80	3,83	2,87	3,24	6,71
Eiginfjárhlutfall .....	92,7 %	90,4 %	93,0 %	91,9 %	91,0 %	90,9 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar .....	47,3 %	39,0 %	45,3 %	43,4 %	41,4 %	42,0 %
Fasteignaskattur .....	8,9 %	7,3 %	7,1 %	7,7 %	7,6 %	7,5 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	29,6 %	32,4 %	35,6 %	36,5 %	36,8 %	38,0 %
Lóðarleiga.....	0,1 %	0,1 %	0,1 %	0,1 %	0,1 %	0,1 %
Skatttekjur samtals.....	85,9 %	78,8 %	88,1 %	87,7 %	85,9 %	87,7 %
Aðrar tekjur .....	14,1 %	21,2 %	11,9 %	12,3 %	14,1 %	12,3 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 57,6% )	( 53,0% )	( 48,0% )	( 52,6% )	( 47,3% )	( 47,4% )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 44,4% )	( 37,0% )	( 41,5% )	( 46,8% )	( 48,2% )	( 48,4% )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	( 1,9% )	10,1 %	10,4 %	0,6 %	4,6 %	4,3 %
Afskriftir .....	( 2,7% )	( 2,2% )	( 2,6% )	( 3,0% )	( 2,5% )	( 2,5% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	1,6 %	1,3 %	1,4 %	1,5 %	2,6 %	2,9 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 3,0% )	9,1 %	9,3 %	( 0,9% )	4,6 %	4,6 %

## Skýringar, frh.:

---

### 18. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
<b>Í þúsundum krónum á íbúa:</b>						
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	797	857	844	751	700	662
Aðrar tekjur .....	131	230	114	106	115	93
Laun og launatengd gjöld .....	( 534 )	( 576 )	( 460 )	( 451 )	( 385 )	( 358 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 412 )	( 402 )	( 398 )	( 401 )	( 393 )	( 365 )
Afskriftir.....	( 25 )	( 24 )	( 25 )	( 26 )	( 21 )	( 19 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	15	14	14	13	21	22
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) .....	( 28 )	99	89	( 8 )	37	35
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	1.044	1.284	1.133	1.091	1.118	1.059
Eigið fé .....	968	1.162	1.053	1.003	1.017	963
Skuldir og skuldbindingar .....	76	123	80	88	101	96
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	( 5 )	120	112	15	55	51
Handbært fé frá rekstri.....	( 5 )	94	34	3	84	59
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	640	640	646	621	617	628

## Skýringar, frh.:

### 18. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:</b>						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	37.776	111.630	53.623	16.491	82.887	91.145
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....	3,4%		3,1%	15,4%	10,7%	
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	3,3 %	12,8 %	11,1 %	1,9 %	5,6 %	5,3 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	0,1 %	10,2 %	7,7 %	( 2,2 % )	3,2 %	2,5 %
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....	( 0,8 % )	10,8 %	11,1 %	1,7 %	6,3 %	6,4 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	1,6 %	1,3 %	0,7 %	7,5 %	34,9 %	1,4 %
Skuldahlutfall.....	12,7 %	15,3 %	20,8 %	24,8 %	27,6 %	29,0 %
<b>Önnur hlutföll</b>						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri mælt í árum .....	( 7,31 )	0,46	1,22	9,56	2,82	3,10
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....	( 0,09 )	1,51	15,21	2,03	6,66	5,27
Veltufjárhlutfall .....	2,30	3,61	3,45	2,10	2,73	6,30
Eiginfjárhlutfall .....	86,6 %	85,2 %	81,0 %	79,2 %	78,8 %	78,4 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar .....	44,1 %	37,3 %	44,2 %	42,3 %	40,5 %	41,1 %
Fasteignaskattur .....	8,2 %	6,9 %	6,8 %	7,4 %	7,3 %	7,2 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	27,7 %	31,0 %	34,8 %	35,6 %	36,0 %	37,2 %
Lóðarleiga.....	0,1 %	0,1 %	0,1 %	0,1 %	0,1 %	0,1 %
Skatttekjur samtals.....	80,1 %	75,2 %	85,9 %	85,4 %	83,9 %	85,6 %
Aðrar tekjur .....	19,9 %	24,8 %	14,1 %	14,6 %	16,1 %	14,4 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 53,8 % )	( 50,6 % )	( 46,9 % )	( 51,3 % )	( 46,2 % )	( 46,3 % )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 42,9 % )	( 36,6 % )	( 42,0 % )	( 46,8 % )	( 48,2 % )	( 48,3 % )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	3,3 %	12,8 %	11,1 %	1,9 %	5,6 %	5,3 %
Afskriftir .....	( 3,0 % )	( 2,5 % )	( 3,0 % )	( 3,5 % )	( 3,1 % )	( 3,1 % )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 0,2 % )	( 0,0 % )	( 0,4 % )	( 0,6 % )	0,8 %	0,2 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	0,1 %	10,2 %	7,7 %	( 2,2 % )	3,2 %	2,5 %

## Skýringar, frh.:

### 18. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

Í þúsundum krónum á íbúa:	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	796	856	842	750	699	661
Aðrar tekjur .....	198	282	139	129	134	111
Laun og launatengd gjöld .....	( 534 )	( 576 )	( 460 )	( 451 )	( 385 )	( 358 )
Lífeyrisskuldbinding, hækkun .....	0	0	0	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður.....	( 427 )	( 417 )	( 412 )	( 411 )	( 402 )	( 373 )
Afskriftir.....	( 30 )	( 29 )	( 30 )	( 31 )	( 26 )	( 24 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 2 )	( 0 )	( 4 )	( 5 )	6	2
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) .....	1	116	76	( 19 )	27	19
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	942	1.172	1.078	1.047	1.085	1.037
Eigið fé .....	816	998	874	830	855	813
Skuldir og skuldbindingar .....	126	174	204	217	230	224
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	( 8 )	123	109	15	53	49
Handbært fé frá rekstri.....	( 8 )	96	31	3	81	56
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	640	640	646	621	617	628

## Skýringar, frh.:

### 18. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú ár. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2017	Hlutfall af skattt.	2016	Hlutfall af skattt.	2015	Hlutfall af skattt.
<b>Aðalsjóður</b>						
Skatttekjur .....	553.715	100,0%	549.510	100,0%	470.538	100,0%
Félagsþjónusta .....	( 33.299 )	6,0%	( 35.367 )	6,4%	( 40.375 )	8,6%
Heilbrigðismál .....	( 569 )	0,1%	( 491 )	0,1%	( 475 )	0,1%
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 401.029 )	72,4%	( 354.394 )	64,5%	( 340.059 )	72,3%
Menningarmál .....	( 43.207 )	7,8%	( 48.739 )	8,9%	( 45.911 )	9,8%
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 10.662 )	1,9%	( 11.051 )	2,0%	( 7.908 )	1,7%
Brunamál og almannavarnir .....	( 10.164 )	1,8%	( 9.184 )	1,7%	( 7.397 )	1,6%
Hreinlætismál .....	( 4.901 )	0,9%	( 9.524 )	1,7%	( 3.477 )	0,7%
Skipulags- og byggingarmál .....	( 12.984 )	2,3%	( 18.406 )	3,3%	( 13.338 )	2,8%
Umferðar- og samgöngumál .....	( 3.885 )	0,7%	( 6.933 )	1,3%	( 8.445 )	1,8%
Umhverfismál .....	( 637 )	0,1%	( 417 )	0,1%	( 443 )	0,1%
Atvinnumál .....	61.056	( 11,0% )	( 3.548 )	0,6%	( 3.020 )	0,6%
Sameiginlegur kostnaður .....	( 59.107 )	10,7%	( 51.712 )	9,4%	( 52.252 )	11,1%
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	( 23.828 )	4,3%	0	0,0%	0	11,1%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	38.136	( 6,9% )	39.780	( 7,2% )	39.132	( 8,3% )
Aðalsjóður samtals	48.636		39.524		( 13.430 )	
<b>Aðrir sjóðir í A hluta</b>						
Eignasjóður .....	14.434	( 2,6% )	18.127	( 3,3% )	8.391	( 1,8% )
A hluti samtals	63.070	( 11,4% )	57.652	( 10,5% )	( 5.039 )	1,1%

## Skýringar, frh.:

### 19. Samanburður fjárhagsáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2017 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	325.326	9.000	334.326	324.589	9.000	333.589
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	175.948	0	175.948	175.948	0	175.948
Aðrar tekjur .....	83.865	0	83.865	126.585	0	126.585
	<u>585.139</u>	<u>9.000</u>	<u>594.139</u>	<u>627.122</u>	<u>9.000</u>	<u>636.122</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	322.806	19.153	341.959	322.806	19.153	341.959
Annar rekstrarkostnaður .....	256.109	7.539	263.648	265.469	7.538	273.007
	<u>578.915</u>	<u>26.692</u>	<u>605.607</u>	<u>588.275</u>	<u>26.691</u>	<u>614.966</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....	6.224	( 17.692 )	( 11.468 )	38.847	( 17.691 )	21.156
Afskriftir .....	( 15.860 )	0	( 15.860 )	( 18.990 )	0	( 18.990 )
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....	( 9.636 )	( 17.692 )	( 27.328 )	19.857	( 17.691 )	2.166
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	<u>9.721</u>	<u>0</u>	<u>9.721</u>	<u>( 1.496 )</u>	<u>0</u>	<u>( 1.496 )</u>
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<u>85</u>	<u>( 17.691 )</u>	<u>( 17.607 )</u>	<u>18.361</u>	<u>( 17.689 )</u>	<u>670</u>

## Skýringar, frh.:

### 19. Samanburður fjárhagsáætlana, frh.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2017 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarniðurstaða .....	85	( 17.690 )	( 17.607 )	18.361	( 17.689 )	670
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir .....	15.860	0	15.860	18.990	0	18.990
Verðbætur .....	( 1.621 )	( 0 )	( 1.621 )	2.169	( 0 )	2.169
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna .....	0	0	0	( 26.640 )	0	( 26.640 )
Veltufé frá rekstri	14.324	( 17.691 )	( 3.368 )	12.880	( 17.690 )	( 4.811 )
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Óinnh. tekjur (hækkun), lækkun .....	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr. (hækkun) .....	0	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldur hækkun .....	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0
Handbært fé frá rekstri	14.324	( 17.691 )	( 3.368 )	12.880	( 17.690 )	( 4.811 )
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	0	0	0	( 10.000 )	0	( 10.000 )
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	0	0	0	58.240	0	58.240
Langtímakr. á eigin ft. breyting.....	6.996	0	6.996	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	6.996	0	6.996	48.240	0	48.240
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Viðskiptast. eigin ft., breyting.....	( 10.707 )	0	( 10.707 )	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	( 3.127 )	0	( 3.127 )	( 53.635 )	0	( 53.635 )
Fjármögnunarhreyfingar	( 13.834 )	0	( 13.834 )	( 53.635 )	0	( 53.635 )
<b>Hækkun á handb. fé.....</b>	7.485	( 17.690 )	( 10.206 )	7.485	( 17.690 )	( 10.206 )
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>	73.730	0	73.730	73.730	0	73.730
<b>Handbært fé í árslok.....</b>	81.215	( 17.690 )	63.524	81.215	( 17.690 )	63.524